

Ár 2022, mánudaginn 2. maí, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Presti Ríkharðssyni, Björgu Ástu Þórðardóttur og Ástu Björk Eiríksdóttur.

Fyrir er tekið málið nr. 3/2022:

Knattspyrnudeild ÍR
gegn
Víkíngi Ólafsvík

Gögn málsins liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Aðilar máls:

Kærandi:

Knattspyrnudeild ÍR

Fyrirsvarsmaður: Magnús Þór Jónsson

Kærði:

Víkíngur Ólafsvík

Fyrirsvarsmaður: Þorsteinn Haukur Harðarson

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 31. mars 2022.

II.

Kröfur:

Kærandi krefst þess að knattspyrnudeild ÍR verði dæmdur 0-3 sigur í leik liðsins gegn Víkíngi Ólafsvík er fram fór þann 26. mars 2022 í Lengjubíkar meistaraflokks karla, B-deild í riðli 1.

Af hálfu kærða er brot viðurkennt.

III.

Málsatvik:

Kærandi lýsir málavöxtum svo að Víkíngur Ólafsvík hafi notað ólöglegan leikmann í leik liðanna sem fram fór í Ólafsvík þann 26. mars 2022 í Lengjubíkar karla, B-deild í riðli 1. Í framangreindum leik notaði kærði erlendan leikmann sem ekki hafði leikheimild með kærða. Lék umræddur leikmaður í treyju nr. 11 í leiknum. Þess að auki hafi umræddan leikmann ekki verið að finna á leikskýrslu, sem undirrituð hafi verið af fyrirliðum og forráðamönnum liðanna fyrir leik. Í framangreindum leik hafi Kristófer Daði Kristjánsson verið skráður leikmaður nr. 11 en hann hafi ekki spilað umræddan leik.

Kærandi byggir kröfu sína um að félaginu verði dæmdur 3-0 sigur á gr. 3.1, 34.2 og 36.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Kærandi byggir á að lið kærða hafi verið ólöglega skipað þar sem ljóst sé að leikmaður kærða sem spilaði í treyju nr. 11 hafi ekki haft leikheimild og kærði hafi með vísvitandi hætti ranglega fyllt út leikskýrslu..

Í greinargerð kærða er viðurkennt að umræddur leikmaður hafi ekki verið kominn með leikheimild á þeim degi er leikurinn fór fram. Um hafi verið að ræða erlendan leikmann og hafi verið miklar tafir á að fá tilskilinn leyfi, m.a. frá Útlendingastofnun. Þrátt fyrir það hafi verið ákveðið láta leikmanninn spila umræddan leik og þá í þeim tilgangi að hann næði að spila leik með kærða áður en formlegt keppnistímabil hæfist. Þar sem leikmaðurinn hafi ekki verið kominn með íslenska kennitölu hafi ekki verið hægt að bæta honum á leikskýrslulistann og því hafi annað nafn verið sett inn.

Af hálfu kærða er á það bent að forráðamann kæranda hafi verið upplýstir fyrir fram um framangreint og hafi fengist samþykki þeirra fyrir því að ekki væru gerðar athugasemdir við það. Þá hafi úrslit riðilsins þegar verið ráðin og því hafi niðurstaða leiksins ekki getað haft nein teljandi áhrif.

Af hálfu kærða er jafnframt tekið fram að félagið telji ekki rétt að einstaklingar fái leikbann í tengslum við málið þar sem um sé að ræða mistök aðila sem gerð eru í sjálfböðavinnu fyrir kærða.

III.

Niðurstaða:

Málið varðar þá háttsemi Víkings Ólafsvíkur að nota leikmann í leik liðsins gegn ÍR í Lengjubikarkeppni KSÍ þann 26. mars 2022, sem var á þeim tíma ekki með leikheimild með liðinu. Þá varðar málið jafnframt það að Víkingur Ólafsvík hafi ranglega falsað nafn þátttakanda í leiknum með því að ská Kristófer Daði Kristjánsson á leikskýrslu með númerið 11 en í hans stað lék leikmaður er hafði ekki fengið leikheimild.

Af svari Víkings Ólafsvíkur verður ekki annað séð en að félagið gangist við báðum brotum.

Ólöglega skipað lið

Um deildarbikarkeppni karla er fjallað í samnefndri reglugerð KSÍ en í grein 1.2 segir að hlutgengir til þátttöku eru leikmenn sem eru félagar í því félagi, sem þeir keppa með, og uppfylla ákvæði reglugerða KSÍ um félagaskipti leikmanna. Í grein 5.1 segir að knattspyrnulögin séu í fullu gildi, svo og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, eftir því sem við á.

Samkvæmt grein 6.3 í umræddri reglugerð skal forráðamaður heimaliðs, áður en leikur hefst, afhenda dómara útfyllta leikskýrslu með númerum og nöfnum þeirra leikmanna sem hefja eiga leik, auk tilnefndra varamanna og nöfnum liðsstjórnar. Leikmenn skulu skráðir í númeraröð á leikskýrslu en þó skal markvörður/markverðir skráðir fyrstir. Í 10. gr. reglugerðarinnar er fjallað um sektir og skal lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks, sæta sekt að fjárhæð kr. 30.000, og að auki kr. 30.000 fyrir hvern leikmann sem ekki hefur keppnisleyfi með viðkomandi félagi og tekur þátt í leiknum. Svo er kveðið á um það í grein

11.2 að félag sem notar leikmann sem ekki hefur keppnisleyfi með því telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða.

Óumdeilt er að sá leikmaður sem tók þátt í umræddum leik fyrir hönd Víkings Ólafsvíkur í treyju nr. 11 var ekki hlutgengur til þátttöku í þeim leik. Þó ekki hafi verið getið um nafn leikmannsins í kærðu eða greinargerð kærðu þá liggur fyrir skýr viðurkenning af hálfu kærðu að umræddur leikmaður hafi ekki verið kominn með leikheimild í umræddum leik og verður við það miðað. Var því lið Víkings Ólafsvíkur ólöglega skipað til leiks og skal samkvæmt grein 10.1 sæta 60.000 kr. sekt og skal Víkingur Ólafsvík talinn hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3.

Fölsun leikskýrslu

Er enn fremur óumdeilt að umræddur leikmaður kærðu var ekki skráður á leikskýrslu en lék hins vegar í keppnisbúningi nr. 11 en Kristófer Daði Kristjánsson var skráður á leikskýrslu með það númer þrátt fyrir að spila ekki í umræddum leik. Telst umrædd háttsemi fela í sér fölsun á leikskýrslu. Er um sjálfstætt brot að ræða sem samkvæmt grein 36.3 í reglugerð um knattspyrnumót varðar sektum allt að kr. 100.000 í meistaraflokki, sé um vísitandi brot að ræða auk þess að viðkomandi lið skal þá talist hafa tapað leiknum 0-3.

Telur aga- og úrskurðarnefnd ljóst, miðað við gögn málsins og skýra viðurkenningu kærðu, að Víkingur Ólafsvík hafi vísitandi ranglega fyllt út leikskýrslu í leik Víkings Ólafsvíkur og ÍR með því að falsa nafn og kennitölu þátttakanda. Hefur Víkingur Ólafsvík gengist við brotinu og vísa til þess í greinargerð sinni að leikmanninum hafi verið spilað undir öðru nafni. Í samræmi við grein 36.3 í reglugerð um knattspyrnumót skal því Víkingur Ólafsvík til viðbótar framangreindri sekt sæta sekt að fjárhæð kr. 100.000.

Samkvæmt grein 36.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót skal þjálfari eða forystumaður sem stuðlar að því að nafn eða kennitala er fölsuð á leikskýrslu sæta leikbanni eða banni frá stjórnunarstörfum í knattspyrnu í allt að eitt ár. Við mat á beitingu ákvæðisins horfir aga- og úrskurðarnefnd til þess hver beri ábyrgð á fölsun leikskýrslu í því tilviki sem hér um ræðir og ber í því samhengi að horfa til atvika máls og til þeirra gagna sem liggja fyrir.

Í greinargerð kærðu er ástæða ákvörðunar forráðamanna kærðu fyrir skráningu leikskýrslu með þeim hætti sem varð rakin til vilja þeirra að láta umræddan leikmann ná að spila leik með kærðu þrátt fyrir að leikheimild hafi vantað. Var þeim ljóst frá upphafi að leikskýrslan væri ranglega úr garð gerð og því skýr ásetningur fyrir hendi. Fyrir liggur staðfesting kærðu á að Kristján Björn Ríkharðsson, sem skráður var í liðstjórn kærðu í umræddum leik, hafi ritað undir leikskýrsluna. Með því að rita undir og staðfesta innihald leikskýrslunnar bar fyrrgreindur Kristján Björn ábyrgð á því að innihald hennar að því varðar lið kærðu hafi verið rétt. Í ljósi aðstæðna verður að teljast ótrúverðugt að honum hafi ekki verið kunnugt um þær aðstæður sem uppi voru, sérstaklega í ljósi þess að um var að ræða erlendan leikmann sem forráðamönnum kærðu var mikið í mun að næði að spila með liðinu.

Með vísan til framangreinds er það mat aga- og úrskurðarnefndar að Kristján Björn Ríkharðsson beri ábyrgð á fölsun leikskýrslu í leik Víkings Ólafsvíkur og ÍR í B deild Lengjubikars karla sem fram fór þann 26. mars sl. Með vísan til greinar 36.4, alvarleika brotsins og þess að brotið er framið í deildarbikarkeppni KSÍ en að teknu tilliti til þess að Kristján Björn er ekki í stjórn kærða og verður því vart talinn gegna stjórnunarstörfum í knattspyrnu, skal Kristján Björn sæta leikbanni í keppnum á vegum KSÍ í 6 mánuði. Leikbann Kristjáns Björns Ríkharðssonar tekur gildi við uppkvaðningu úrskurðar

IV.

Úrskurðarorð:

Úrslitum í leik Víkings Ólafsvíkur og ÍR í B deild í Lengjubikarkeppni karla, sem fram fór þann 26. mars 2022, er breytt og ÍR úrskurðaður 0-3 sigur í leiknum. Víkingur Ólafsvík skal sæta sekt samanlagt að fjárhæð kr. 160.000 til KSÍ. Kristján Björn Ríkharðsson skal sæta leikbanni í keppnum á vegum KSÍ í sex mánuði.

Um Áfrýjun:

Samkvæmt grein 16.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Þröstur Ríkharðsson [sign]

Björg Ásta Þórðardóttir [sign]

Ásta Björk Eiríksdóttir [sign]